

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um tengsl heilsugæslunnar við nýtt þekkingarþorp í Vatnsmýrinni.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Á hvern hátt vilja stjórnvöld tryggja og styrkja fagleg tengsl Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og þess þekkingarþorps sem er að rísa í Vatnsmýrinni?
2. Telur ráðherra það samrýmast eðlilegum vinnubrögðum að um leið og eitt sjúkrahús (í Fossvogi) og rannsóknarstofa (Keldur) eiga að flytjast inn á hið nýja svæði, þá sé miðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og þar með sú stærsta á landinu, flutt burtu frá því sama svæði, án umræðu um hvort heilsugæslan eigi heima í slíku þekkingarþorpi?
3. Er það skoðun ráðherra að heilsugæslan eigi ekki heima í slíku þekkingarþorpi?

**Skriflegt svar óskast.**